# Rubbol Satura

## Olíulakk 25%




### Efnislýsing

Rubbol Satura er hágæða, hálfmatt, terpentínuþynnanlegt alkýðúretanlakk, ætlað til notkunar utan- og innanhúss. Vegna sérstakrar samsetningar bindiefna (þ.á.m. pólýúretan), er Rubbol Satura einstaklega rispu- og slitþolið. Það er auðvelt í notkun, hefur langan opinn tíma og framúrskarandi flot. Það hylur vel, er ákaflega litþolið og gulnar ekki. Rubbol Satura er ætlað á harðvið og mýkri við en einnig á málm sem hefur verið meðhöndlaður á viðeigandi hátt undir málun.

### Meðhöndlun

1. Undirlag skal vera hreint og þurrt. Grunnið með olíugrunni, t.d. Sikkens Rubbol Primer eða Nordsjö heftigrunni. Látið þorna í 24 klst.
2. Slípið matt og rykhreinsið.
3. Hrærið vel í Rubbol Satura og lakkið eina umferð. Látið þorna í 18 klst.
4. Pússið létt yfir og rykhreinsið.
5. Lakkið með seinni umferð af Rubbol Satura.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsi-efnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innan- og utanhúss
**Tegund:** Alkýð-pólýúretan
**Gljástig:** Hálfmatt, um 20-30 GU/60°
**Þurrefni:** Um 76% af vigt og 64% af rúmmáli
**Þéttleiki:** Um 1,27 kg/$dm^3$ í hvítum
**Hiti við málun:** 5-30°C
**Ráðlögð þykkt við 20°C / 65% raka:**
Þurrt: Um 40-45 míkrón
Blautt: Um 60-70 míkrón
**Þynning:** Þarf ekki
**Verkfæri:** Penslar, rúllur
Hreinsun: Terpentína
**Þekja:** 14-16$m^2$/l, fer mikið eftir vinnuaðferð, undirlagi og lögun hlutar
**Þornun:**
**- við 23°C / 65% raka:**
Rykfrítt: Um 2½ klst
Snertiþurrt: Um 3 klst
Yfirmálun: Um 18 klst
**- við 5°C / 85% raka:**
Rykfrítt: Um 7 klst
Snertiþurrt: Um 7½ klst
Yfirmálun: Um 18 klst
**Litur:** Hvítur og nánast allir litir
**Umbúðir:** 0,5, 1 og 2,5 lítra dósir
**Geymsluþol:** Minnst 24 mánuðir í lokuðum umbúðum
**Geymsla:** Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C
**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/d) 300 g/l (2010)
Inniheldur mest 300 g/l VOC